

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		kr.
Íbúðir		13.900
Fyrirtæki:	a)	13.900
	b)	38.100
	c)	69.300
	d)	127.000
	e)	248.300
	f)	375.400

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar þann 13. janúar og 5. febrúar 2005.

Skútustaðahreppi, 21. febrúar 2005.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppdráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 6.000.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 60 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

Í 1. málslíð, 1. mgr. 2. gr. kemur orðið „ökutækja“ í stað „bifreiða“.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum: